

sviði. Þó er heimilt að innheimta gjöld af þeim námskeiðum skv. 3. gr. sem eru liður í skipulögðu endurmenntunarnámi.

Kostnaður vegna námskeiðs skv. 4. gr. greiðist af þeim sem taka þátt í því. Hið sama á við um námskeið skv. 3. gr. sem eru liður í skipulögðu endurmenntunarnámi sem myndar sjálfstæða heild.

Þess skal sérstaklega gætt að innheimta þátttökugjalda sé í samræmi við 70. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands.

Ef deild nýtir sér heimild 5. gr. til sameiginlegrar kennslu, þarf í samþykkt að taka afstöðu til skiptingar kostnaðar milli deildar og þeirra sem námið sækja.

Endurmenntunarnám skv. 4. gr. gefur deild ekki þreyttar einingar skv. reglum þar um. Hið sama á við um námskeið skv. 3. gr. sem eru liður í skipulögðu endurmenntunarnámi.

10. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 1. mgr. 18. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. einnig 14. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 25. október 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUR

læknadeildar Háskóla Íslands um valnefndir.

1. gr.

Hlutverk og umboð valnefndar.

Hlutverk valnefndar í læknadeild Háskóla Íslands, er að gera tillögu til háskólarektors um veitingu starfa sem auglýst hafa verið við deildina og þar sem krafist er hæfnisdóms. Það er skilyrði fyrir því að valnefnd fjalli um umsækjendur um starf, að þess hafi verið getið í auglýsingu um starfið.

Valnefnd starfar í umboði deildarfundar og deildarráðs.

2. gr.

Skipun og hæfi valnefndarmanna.

Í valnefnd vegna auglýstra starfa prófessora og forstöðumanna háskólastofnana sitja sjö menn, sbr. 3. gr. Í valnefnd vegna auglýstra starfa dósentana, lektora, sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna sitja fimm menn sbr. 4. gr. Í valnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraþrófi eða hliðstæðu prófi úr háskóla. Um sérstakt hæfi valnefndarmanna fer eftir II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Deildarráð gengur frá skipun valnefndar til meðferðar hvers einstaks máls, staðfestir hverjir eru fastafulltrúar og skipar fulltrúa „ad hoc“. Sömu menn fara með hvert mál við alla meðferð þess fyrir nefndinni.

3. gr.

Samsetning sjö manna valnefndar.

Deildarforseti eða varadeildarforseti og kennslustjóri læknadeildar eiga föst sæti í sjö manna valnefnd.

Þá á framkvæmdastjóri kennslu og fræða á Landspítala-háskólasjúkrahúsi fast sæti í nefndinni ef um er að ræða tengt starf samkvæmt lögum og samstarfssamningi Háskólans og sjúkrahússins. Honum er heimilt að fela aðstoðarmanni sínum eða öðrum fulltrúa sínum meðferð einstakra mála.

Ef ekki er um tengt starf að ræða, á skorarformaður viðkomandi skorar fast sæti í nefndinni þegar kennarastarf á í hlut, en forstöðumaður stofnunar þegar sérfræðingsstarf á í hlut.

Til viðbótar þessum þremur fastafulltrúum skipar deildarráð hverju sinni fjóra aðra meðlimi valnefndar til meðferðar fyrirbyggjandi máls. Tveir þeirra skulu valdir úr hópi akademískra kennara á viðkomandi fræðasviði eða skyldu sviði, einn skal valinn af öðru fræðasviði innan eða utan deildar og einn skal valinn af sviðsstjórum viðkomandi sviðs á háskólasjúkrahúsinu ef um tengt starf er að ræða, en annars skal sá fulltrúi valinn af skor þegar kennarastarf á í hlut en af stofnun þegar sérfræðingsstarf á í hlut.

4. gr.

Samsetning fimm manna valnefndar.

Tveir fastafulltrúar sitja í fimm manna valnefnd. Annar er deildarforseti, varadeildarforseti eða kennslustjóri læknadeildar.

Þá á framkvæmdastjóri kennslu og fræða á háskólasjúkrahúsinu fast sæti í nefndinni ef um er að ræða tengt starf samkvæmt lögum og samstarfssamningi Háskólans og sjúkrahússins. Honum er heimilt að fela aðstoðarmanni sínum eða öðrum fulltrúa sínum meðferð einstakra mála.

Ef ekki er um tengt starf að ræða, á skorarformaður viðkomandi skorar fast sæti í nefndinni þegar kennarastarf á í hlut, en forstöðumaður stofnunar þegar sérfræðingsstarf á í hlut.

Til viðbótar þessum tveimur fastafulltrúum skipar deildarráð hverju sinni þrjú aðra meðlimi valnefndar til meðferðar fyrirbyggjandi máls. Einn þeirra skal valinn úr hópi akademískra kennara á viðkomandi fræðasviði eða skyldu sviði, einn skal valinn af öðru fræðasviði innan eða utan deildar og einn skal valinn af sviðsstjórum viðkomandi sviðs á háskólasjúkrahúsinu ef um tengt starf er að ræða, en annars skal sá fulltrúi valinn af skor þegar kennarastarf á í hlut en af stofnun þegar sérfræðingsstarf á í hlut.

5. gr.

Störf valnefndar.

Valnefnd skal hafa ritara frá skrifstofu læknadeildar sem sér um gögn og frágang á niðurstöðum nefndarinnar.

Öllum valnefndarmönnum skulu send gögn umsækjanda og niðurstöður dómnefndar. Skal þess getið í auglýsingu um starfið hversu mörg eintök af umsóknargögnum beri að senda inn, en miða skal við að eintök umsókna, curriculum vitae og ritaskráa séu jafnmörg og valnefndarmenn. Frekari fylgigögn mega hins vegar vera í tvíriti.

Valnefnd fundar undir forsæti deildarforseta, varadeildarforseta eða kennslustjóra læknadeildar, í þessari röð eftir því hver þeirra situr í nefndinni.

Nefndin fer á fyrsta fundi yfir öll innsend gögn. Ef talin er þörf á viðtali boðar valnefnd til annars fundar þá umsækjendur sem að mati dómnefndar teljast hæfir til þess að gegna hinu auglýsta starfi. Allir valnefndarmenn skulu taka þátt í viðtalinu.

Á öðrum fundi eða á fundi í beinu framhaldi af viðtölum ákveður valnefnd hvaða til- laga er gerð um veitingu starfsins. Valnefnd er óheimilt að gera þá tillögu að ekki skuli ráðið í starfið.

Valnefnd skilar tillögu sinni skriflega til deildarforseta innan viku frá síðari eða sein- asta fundi sínum. Einstaka valnefndarmenn mega gera fyrirvara við undirritun sína eða gera grein fyrir afstöðu sinni í séráliti.

Tillögu valnefndar til deildarforseta skal fylgja rökstuðningur. Valnefnd er einungis skylt að rökstyðja val sitt á hæfasta umsækjandanum en þarf ekki að rökstyðja af hverju öðrum umsækjendum er hafnað. Hafi dómnefnd verið beðin um að forgangsraða umsækj- endum og valnefnd gerir tillögu um annan umsækjanda sem metinn hefur verið hæfastur af dómnefnd, skal það sérstaklega rökstutt.

6. gr.

Meðferð deildar á tillögu valnefndar.

Deildarforseti kynnir niðurstöðu valnefndar í deildarráði. Deildarráð getur gert athuga- sendir við málsmeðferð valnefndar og farið fram á að valnefnd taki málið fyrir að nýju sé rökstudd ástæða til að ætla, að rétttra málsmeðferðarreglna hafi ekki verið gætt. Tekur þá valnefnd að nýju við málinu skv. 5. gr.

Að fengnum athugasemdum deildarráðs sendir deildarforseti endanlega og rökstudda tillögu deildar um ráðningu í starfið til rektors, sbr. 45. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000. Jafnframt og um leið skal deildarforseti kynna atkvæðis- bærum fulltrúum á deildarfundi niðurstöðu valnefndar.

7. gr.

Meðferð rektors á tillögu valnefndar.

Rektor getur óskað eftir frekari upplýsingum frá læknaeild um störf valnefndar. Sé rökstudd ástæða til þess að ætla að rétttra málsmeðferðarreglna eða lögbundinna sjónarmiða hafi ekki verið gætt við tillögugerð valnefndar, getur rektor vísað málinu á ný til deildar.

8. gr.

Ýmis atriði.

Atkvæðisbærir fulltrúar á deildarfundi geta óskað eftir aðgangi að eða framsendingu dómnefndarálits við skrifstofu læknaeildar og skal þá orðið við þeirri beiðni án tafar.

Störf í dómnefnd skulu launuð eins og venja er um dómnefndarstörf en störf í val- nefnd teljast hluti af vinnuskyldu starfsmanna deildarinnar og háskólasjúkrahússins.

9. gr.

Reglur þessar sem staðfestar hafa verið af háskólaráði í samráði við Landspítala – háskólasjúkrahús, á grundvelli heimildar í 5. mgr. 12. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. og 1. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í þeim lögum, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 25. október 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.